

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 25**

10. árgangur

15.5.2003

	<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>EES-ráðið</b>	
	2.	<b>Sameiginlega EES-nefndin</b>	
	3.	<b>Sameiginlega EES-þingmannanefndin</b>	
	4.	<b>Ráðgjafarnefnd EES</b>	
	<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Fastanefnd EFTA-rikkjanna</b>	
	2.	<b>Eftirlitsstofnun EFTA</b>	
<b>2003/EES/25/01</b>		Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA nr. 17/03/COL frá 5. febrúar 2003 um viðurkenningu á því að norskri gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur . . . . .	<b>1</b>
	3.	<b>EFTA-dómstóllinn</b>	
<b>2003/EES/25/02</b>		Dómur dómstólsins frá 24. janúar 2003 í máli E-1/02: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi . . . . .	<b>4</b>
	<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
	1.	<b>Ráðið</b>	
	2.	<b>Framkvæmdastjórnin</b>	
<b>2003/EES/25/03</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3171 - Computer Sciences Corporation/Royal Mail Business Systems) . . . . .	<b>5</b>
<b>2003/EES/25/04</b>		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3173 – E.ON/Fortum Burghausen/Smaland/Edenderry) . . . . .	<b>6</b>
<b>2003/EES/25/05</b>		Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.2275 – Pepsico/Quaker) . . . . .	<b>7</b>
<b>2003/EES/25/06</b>		Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3100 – Mediaset/Telecino/Publiespaña) . . . . .	<b>7</b>
<b>2003/EES/25/07</b>		Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja (mál nr. COMP/M.3139 – Carlyle/Breed Technologies) . . . . .	<b>8</b>

2003/EES/25/08	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 107. fundi sem haldinn var 27. mars 2002 um fyrstu drög að ákvörðun varðandi mál COMP/M.2568 – Haniel/Ytong .....	8
2003/EES/25/09	Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2568 – Haniel/Ytong .....	8
2003/EES/25/10	Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari annars vegar og Marseille og Nice hins vegar .....	9
2003/EES/25/11	Ríkisaðstoð – mál nr. C 8/03 – Ítalía .....	9
2003/EES/25/12	Ríkisaðstoð – mál nr. C 16/03 – Þýskaland .....	10
2003/EES/25/13	Ríkisaðstoð – mál nr. C 22/03 – Ítalía .....	10
2003/EES/25/14	Tilkynning samkvæmt 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans – Beiðni um heimild til að viðhalda innlendum ákvæðum sem samrýmast ekki samræmingaraðgerð bandalagsins .....	10
2003/EES/25/15	Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir .....	11

**3. Dómstóllinn**

# EFTA-STOFNANIR

## EFTIRLITSSTOFNUN EFTA

ÁKVÖRÐUN EFTIRLITSSTOFNUNAR EFTA

2003/EES/25/01

nr. 17/03/COL

frá 5. febrúar 2003

**um viðurkenningu á því að norskri gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur**

EFTIRLITSSTOFNUN EFTA HEFUR,

með hliðsjón af EES-samningnum, einkum 109. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af samningnum um eftirlitsstofnun og dómstól, einkum d-lið 2. mgr. 5. gr. og bókun 1,

með hliðsjón af gerðinni sem um getur í lið 1.1.7a í I. kafla I. viðauka við EES-samninginn um að koma á kerfi til að marka og skrá nautgripi og um merkingu á nautakjöti og nautakjötsafurðum (reglugerð ráðsins (EB) nr. 820/97 frá 21. apríl 1997), eins og hún var aðlöguð með bókun 1 við EES-samninginn, einkum fyrsta undirlið 3. mgr. 6. gr.,

með hliðsjón af beiðni sem Noregur lagði fram 2. maí 2001,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

2. maí 2001 sendu norsk stjórnvöld Eftirlitsstofnun EFTA beiðni um viðurkenningu á því að gagnagrunnurinn, sem er hluti af norska kerfinu til að marka og skrá nautgripi, væri að öllu leyti rekstrarhæfur.

Viðeigandi upplýsingar, sem voru uppfærðar 3. október 2001 og 24. janúar 2002, fylgdu norsku beiðninni.

Norsk stjórnvöld hafa skuldbundið sig til að bæta áreiðanleika þessa gagnagrunns einkum með því að sjá til þess:

- 1) að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að landslög séu í samræmi við þann hluta löggjafar EB sem hefur verið tekinn upp í EES-samninginn og gildir í Noregi,
- 2) að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að allar fæðingar, dauðsföll og flutningar til og frá bújörðum séu skráð í nautgripagagnagrunnin, þar með talinn innflutningur eða útflutningur og flutningur til og frá mörkuðum og tilkynningar um slátrun í sláturhúsum,
- 3) að ráðstafanir séu gerðar, þar með talin stjórnsýsluviðurlög, til að koma á betra fyrirkomulagi til að tilkynna fæðingar, dauðsföll og allan flutning, þannig að sjö daga fresturinn sem kveðið er á um í öðrum undirlið 1. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 sé virtur,
- 4) að komið sé á fyrirkomulagi sem tryggir að norska dýraheilbrigðisstofnunin taki mið af upplýsingum, sem tiltækar eru í norska nautgripagagnagrunninum, við eftirlit með bújörðum,
- 5) að ráðstafanir séu gerðar til að leiðrétta mistök sem gerð eru á bújörðinni og verða uppvís við eftirlit norsku dýraheilbrigðisstofnunarinnar,

- 6) að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að farið sé eftir þeim reglum sem settar eru um eftirfylgd, samkvæmt reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 494/98 um takmörkun á flutningi dýra sem fyrir eru á bújörðinni, ef kröfurnar um mörkun og skráningu, sem mælt er fyrir um í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000, eru ekki að öllu leyti uppfylltar,
- 7) að verklagsreglur séu settar um að stjórnandi gagnagrunnsins (SYSTOR) útbúi reglulega stöðuskýrslur og sendi norsku dýraheilbrigðisstofnuninni,
- 8) að verklagsreglur séu settar um að hafa eftirlit með heildarkerfinu fyrir tilkynningar um fæðingar, dauðsföll og flutninga og skráningu slíkra atburða í nautgripagagnagrunninn,
- 9) að ráðstafanir séu gerðar til að ganga úr skugga um að allar tilskilda, upplýsingar um allar bújarðir séu skráðar í nautgripagagnagrunninn,
- 10) að ráðstafanir séu gerðar, þar með taldar þjálfunaraðgerðir, til að komast hjá röngum tilkynningum og skráningu atburða,
- 11) að komið sé á verklagsreglum til að hafa eftirlit með hversu langur tími líður frá því að atburður gerist þar til hann er skráður í gagnagrunninn,
- 12) að komið sé á verklagsreglum til að sannprófa allar upplýsingar sem færðar eru í nautgripagagnagrunninn, þar með taldar ráðstafanir til að leiðrétta fljótt mistök sem hafa verið gerð á bújörðinni eða í gagnagrunninum sem koma í ljós við sannprófunina,
- 13) að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja skráningu upplýsinga í gagnagrunninn sem hægt er að grípa til ef flutningur á dýrum frá bújörðinni er takmarkaður vegna þess að kröfur reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 hafa ekki verið virtar,
- 14) að komið sé á verklagsreglum til að upplýsa umsjónarmann reglulega um upplýsingarnar sem skráðar eru í gagnagrunninn,
- 15) að ráðstafanir séu gerðar til að tryggja að farið sé að 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1760/2000 hvað varðar notkun vegabréfa í hvert sinn sem dýr eru flutt.

Norsk stjórnvöld skuldbundu sig til að hrinda þessum ráðstöfunum til umbóta í framkvæmd fyrir 1. september 2002 og tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA um öll vandamál sem kæmu upp á meðan verið væri að hrinda fyrirnefndum ráðstöfunum í framkvæmd.

Með bréfi frá 17. júlí 2002 tilkynnti Eftirlitsstofnunin að þessum ráðstöfunum til umbóta yrði ekki hrundið í framkvæmd fyrir 1. september 2002.

Með bréfi frá 20. desember 2002 tilkynnti Eftirlitsstofnunin að umbótarráðstafanirnar kæmu til framkvæmda frá 5. desember 2002.

Með bréfi frá 30. janúar 2003 útvegaði Noregur tiltekna upplýsingar til viðbótar bréfinu frá 20. desember 2002.

Í ljósi þróunar á stöðu mála í Noregi er við hæfi að viðurkenna að norski gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur.

## SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. Viðurkennt er að norskí gagnagrunnurinn yfir nautgripi sé að öllu leyti rekstrarhæfur.
2. Ákvörðun þessari er beint til Noregs.
3. Ákvörðun þessi telst fullgild á ensku.

Gjört í Brussel 5. febrúar 2003

Fyrir hönd Eftirlitsstofnunar EFTA

**Einar M. Bull**  
forseti

**Bernd Hammermann**  
stjórnarmaður

# EFTA-DÓMSTÓLLINN

## DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2003/EES/25/02

frá 24. janúar 2003

### í máli E-1/02: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi

*(Vanræksla samningsaðila á að uppfylla skuldbindingar sínar – tilskipun um jafnrétti – konum áskilinn ákveðinn fjöldi af stöðum háskólakennara)*

Í máli E-1/02: Eftirlitsstofnun EFTA gegn konungsríkinu Noregi – beiðni um yfirlýsingu um að konungsríkið Noregur hafi, með því að viðhalda ákvæði sem áskilur konum einum ákveðinn fjölda af stöðum háskólakennara, vanrækt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 7. og 70. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 1. mgr. og 4. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, sem um getur í 18. lið í XVIII. viðauka við EES-samninginn, hefur dómstóllinn skipaður: Carl Baudenbacher (framsögumaður), forseti, dómurumum Per Tresselt og Dóru Guðmundsdóttur, kveðið upp eftirfarandi dóm hinn 24. janúar 2003:

- Lýst er yfir að konungsríkið Noregur hafi, með því að viðhalda ákvæði sem áskilur kyni í minnihluta ákveðinn fjölda af stöðum háskólakennara, vanrækt að standa við skuldbindingar sínar samkvæmt 7. og 70. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og 1. mgr. og 4. mgr. 2. gr. og 1. mgr. 3. gr. tilskipunar 76/207/EBE frá 9. febrúar 1976 um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör, sbr. 18. lið XVIII. viðauka við EES-samninginn.**
- Konungsríkinu Noregi er gert að greiða málskostnað.**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja** **2003/EES/25/03**  
**(Mál nr. COMP/M.3171 - Computer Sciences Corporation/Royal Mail Business Systems)**

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 6.5.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið Computer Sciences Corporation („CSC“ - Bandaríkjunum) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfirráð yfir Royal Mail Business Systems („Royal Mail“ - Bandaríkjunum), sem í dag er stjórnad af fyrirtækinu Royal Mail Group plc., sem er með höfuðstöðvar í Breska konungsríkinu, með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - CSC: upplýsingatækniþjónusta,
  - Royal Mail: útvegum á upplýsingatækniþjónustu fyrir Royal Mail Group plc.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 115, 15.5.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3171 - Computer Sciences Corporation/Royal Mail Business Systems, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.  
<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.  
<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. COMP/M.3173 - E.ON/Fortum Burghausen/Smaland/Edenderry)**

2003/EES/25/04

1. Framkvæmdastjórninni barst 6.5.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækið E.ON AG („E.ON“, Þýskalandi) öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar yfirráð yfir Fortum KW Burghausen GmbH (Þýskalandi), Fortum Distribution Smaland AB (Svíþjóð) og Edenderry Power Ltd (Írlandi), sem stjórnað er af Fortum Corporation (Finnland), með kaupum á hlutabréfum.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - E.ON: framleiðsla á rafmagni, gasi, vatni, kemískum efnum og olíu, fjarskiptaþjónusta og eignastýring,
  - Fortum KW Burghausen: rafmagnsframleiðsla í Þýskalandi,
  - Fortum Distribution Smaland: viðhald og rekstur á svæðisbundnum og staðbundnum rafmagnsdreifikerfum í Svíþjóð,
  - Edenderry Power: rafmagnsframleiðsla á Írlandi.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 114, 14.5.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3173 - E.ON/Fortum Burghausen/Smaland/Edenderry, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1000 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.



**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.2275 – Pepsico/Quaker)****2003/EES/25/05**

Framkvæmdastjórnin ákvað 27.3.2001 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX-gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 301M2275. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations,  
2, rue Mercier  
L-2985 Luxembourg  
sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3100 – Mediaset/Telecinco/Publiespaña)****2003/EES/25/06**

Framkvæmdastjórnin ákvað 28.3.2003 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmdist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á spænsku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CES“-útgáfu af CELEX-gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 303M3100. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations,  
2, rue Mercier  
L-2985 Luxembourg  
sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09.

**Engin andstaða gegn tilkynntri samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3139 – Carlyle/Breed Technologies)****2003/EES/25/07**

Framkvæmdastjórnin ákvað 10.4.2003 að mótmæla ekki framangreindri tilkynntri samfylkingu og lýsa því yfir að hún samrýmduist hinum sameiginlega markaði. Þessi ákvörðun byggist á b-lið 1. mgr. 6. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89. Óstytt útgáfa af ákvörðuninni er eingöngu fánleg á ensku og verður birt eftir að viðskiptaleyndarmál, sem kunna að koma þar fram, hafa verið felld brott. Ákvörðunin er fánleg:

- í pappírútgáfu á söluskrifstofum opinberrar útgáfustarfsemi Evrópubandalaganna,
- í tölvutæku formi í „CEN“-útgáfu af CELEX-gagnagrunninum, undir skjalanúmeri 303M3139. CELEX er tölvuvætt skjalakerfi sem hefur að geyma réttarreglur Evrópubandalagsins. Unnt er að fá frekari upplýsingar um áskrift hjá:

EUR-OP,  
Information, Marketing and Public Relations,  
2, rue Mercier  
L-2985 Luxembourg  
sími: (352) 29 29 427 18, bréfasími: (352) 29 29 427 09.

**Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 107. fundi sem  
haldinn var 27. mars 2002 um fyrstu drög að ákvörðun varðandi  
mál COMP/M.2568 – Haniel/Ytong****2003/EES/25/08**

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 107. fundi sem haldinn var 27. mars 2002 um fyrstu drög að ákvörðun varðandi mál COMP/M.2568 – Haniel/Ytong.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 107, 6.5.2003.

**Lokaskýrsla skýrslufulltrúa í máli COMP/M.2568 – Haniel/Ytong****2003/EES/25/09**

*(samkvæmt 15. gr. ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2001/462/EB, KSE frá 23. maí 2001 um verksvið skýrslufulltrúa í tilteknum samkeppnismálum (Stjtið. EB L 162, 19.6.2001, bls. 21))*

Drögin að ákvörðuninni gefa ekki tilefni til sérstakra athugasemda við rétt málsaðila til að skýra mál sitt, hvorki að því er varðar aðila að samfylkingunni né þriðju aðila sem eiga hagsmuna að gæta.

Drögin að ákvörðuninni fjalla eingöngu um andmæli sem viðkomandi aðilum hefur verið boðið að gera athugasemdir við.

Gjört í Brussel 25. mars 2002

**Karen WILLIAMS**

**Breytingar franskra stjórnvalda á skyldum um opinbera þjónustu í  
áætlunarflugi milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari, annars vegar, og  
Marseille og Nice, hins vegar**

2003/EES/25/10

1. Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins hafa frönsk stjórnvöld ákveðið að breyta skyldum um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli Ajaccio, Bastia, Calvi og Figari, annars vegar, og Marseille og Nice, hins vegar sem birtar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 9/04, 15.1.2003.
2. Þessum skyldum er breytt sem hér segir:

Í áætlunarflugi milli annars vegar Marseille og Nice og hins vegar milli Ajaccio og Bastia eru hámarksfargjöld fyrir þá flokka farþega sem taldir eru upp í lið 2.2 í fyrrnefndum Stjtið. ESB 93 evrur.

**Ríkisaðstoð  
Mál nr. C 8/03  
Ítalía**

2003/EES/25/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðar til „Cesare Serono SpA“ til að þróa nýja efnasmíð á fjölpeptíðum og samrunaefnasamböndum í formi munntökulyfja. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 110 frá 8.5.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
J-70  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila, sem leggur fram athugasemdir, sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 16/03**  
**Dýskaland**

2003/EES/25/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna björgunaraðstoðar í þágu fyrirtækisins Herlitz AG, sem sérhæfir sig í pappírsvörum, skrifstofuvörum, heillaóskakortum, o.s.frv. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 100 frá 26.4.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Dýskaland. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila, sem leggur fram athugasemdir, sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 22/03**  
**Ítalía**

2003/EES/25/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna aðstoðaráætlunarinnar „Endurnýjun menntastofnana“. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 110 frá 8.5.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
State aid Greffe  
J-70  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Ítalíu. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila, sem leggur fram athugasemdir, sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Tilkynning samkvæmt 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans**

2003/EES/25/14

**Beiðni um heimild til að viðhalda innlendum ákvæðum sem samrýmast ekki samræmingaraðgerð  
bandalagsins**

Framkvæmdastjórnin hefur birt tilkynningu um beiðni frá Konungsríkinu Hollandi, samkvæmt 4. mgr. 95. gr. EB-sáttmálans, varðandi notkun stuttkeðja klóraðra parafínefna.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 100, 26.4.2003.

## Reglur um upplýsingaskipti – tæknilegar reglugerðir

2003/EES/25/15

Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða og reglna um þjónustuskrifstofur upplýsingasamfélagsins (Stjtið. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37 og Stjtið. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18).

Tilkynningar um drög að innlendum tæknilegum reglugerðum sem hafa borist framkvæmdastjórninni.

Tilvísun <sup>(1)</sup>	Titill	Lok þriggja mánaða stöðvunartímabils <sup>(2)</sup>
2003/0101/B	Konunglegur úrskurður um breytingu á konunglegum úrskurði frá 7. janúar 1998 um markaðssetningu á áburði, jarðvegsbættiefnum og næringarefnablöndum	(3)
2003/0106/B	Konunglegur úrskurður um eigið eftirlit, tilkynningarskyldu og rekjanleika í fæðukeðjunni	19.6.2003
2003/0120/B	Konunglegur úrskurður um breytingu á konunglegum úrskurði frá 22. desember 2000 um rekstur og stjórnun fjárhættuspilastaða í III. flokki, umsóknir um og gerð leyfa í C-flokki	2.7.2003
2003/0121/DK	Fyrirmæli um mjólkurvörur o.s.frv.	3.7.2003
2003/0122/IRL	Reglugerðir um lyf (lyfseðlar og eftirlit með útgáfu) 2003	3.7.2003
2003/0123/DK	Danskt radiótengisnið nr. 00 053 fyrir NAVTEX móttökutæki í önnur skip en þau sem SOLAS-samþykktin tekur til	4.7.2003
2003/0124/NL	Drög að reglugerð frá innanríkisráðherra og samskiptaráðherra um breytingu á reglugerð frá 15. desember 1997, nr. EA97/U4365, Stjórnartíðindi Hollands 1997, bls. 246, um vopnun lögreglunnar (reglugerð um vopnaburð lögreglunnar) í tengslum við innleiðingu á nýrri gerð og tegund af tárágassprengjum	8.7.2003
2003/0125/D	Fyrirmæli um markaðssetningu á áburði, jarðvegsbættiefnum, ræktunarefnum og plöntuhjálparefnum (fyrirmæli um áburð)	7.7.2003
2003/0126/A	Fyrirmæli frá atvinnu- og efnahagsráðherra um að framlengja frestinn til að endurkvarða bílavogir	8.7.2003
2003/0127/F	Drög að lögum um öryggi í stafrænu hagkerfi	9.7.2003
2003/0130/B	Konunglegur úrskurður um framkvæmd 2. og 8. greinar í lögum frá 14. janúar 2003 um umframvirði í tengslum við förgun ökutækja sem eru notuð í atvinnuskyni (sjá 3. viðauka)	(4)

<sup>(1)</sup> Ár – skráningarnúmer – upprunaáildarríki.

<sup>(2)</sup> Á þessu tímabili er ekki heimilt að samþykkja drögin.

<sup>(3)</sup> Ekkert stöðvunartímabil vegna þess að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ástæður fyrir aðkallandi samþykki sem tilkynningarríkið þarf fyrir sig.

<sup>(4)</sup> Ekkert stöðvunartímabil þar sem ráðstöfunin varðar tækniforskriftir eða aðrar kröfur í tengslum við skatta- eða fjármálaráðstafanir samkvæmt þriðja undirliði annarrar málsgreinar 11. mgr. 1. gr. tilskipunar 98/34/EB.

<sup>(5)</sup> Upplýsingameðferð lokið.

Framkvæmdastjórnin vekur athygli á dómi frá 30. apríl 1996 í málinu „CIA Security“ (C-194/94 – Dómasafn I, bls. 2201) þar sem dómstóllinn úrskurðaði að túlka bæri 8. og 9. gr. tilskipunar 98/34/EB (áður 83/189/EBE) á þann hátt að einstaklingar geti skírskotað til þeirra fyrir innlendum dómstóli og að dómstólnum bæri skylda til að neita að beita innlendra tæknilegri reglugerð sem ekki hefði verið tilkynnt samkvæmt tilskipuninni.

Þessi dómur staðfestir orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 1. október 1986 (Stjtið. EB C 245, 1.10.1986, bls. 4).

Því leiðir brot á tilkynningarskyldunni til þess að viðkomandi tæknilegar reglugerðir gilda ekki og því er ekki hægt að framfylgja þeim gagnvart einstaklingum.

Nánari upplýsingar um tilkynningarnar fást hjá stjórnsýsludeildum ríkjanna sem eru taldar upp hér að aftan.

**SKRÁ YFIR STJÓRNSÝSLUDEILDIR SEM ANNAST UMSÝSLU  
VEGNA TILSKIPUNAR 98/34/EB**

**BELGÍA**

Institut belge de normalisation/Belgisch Instituut voor Normalisatie  
Avenue de la Brabançonne/Brabançonnellaan 29  
B-1040 Brussels

M<sup>e</sup> Hombert

Sími: (32-2) 738 01 10

Bréfasími: (32-2) 733 42 64

X400:O=G W;P=C E C;A=R T T;C=B E;D D A:R F C-822=CIBELNOR(A)IBN.BE

Tölvupóstfang: [cibelnor@ibn.be](mailto:cibelnor@ibn.be)M<sup>e</sup> Descamps

Sími: (32 2) 206 46 89

Bréfasími: (32 2) 206 57 45

Tölvupóstfang: [normtech@pophost.eunet.be](mailto:normtech@pophost.eunet.be)**DANMÖRK**

Erhvervsfremme Styrelsen  
Dahlerups Pakhus  
Lagelinie Allé 17  
DK-2100 København Ø

Hr. Keld Dybkjær

Sími: (45) 35 46 62 85

Bréfasími: (45) 35 46 62 03

X400:C=DK;A=DK400;P=EFS;S=DYBKJAER;G=KELD

Tölvupóstfang: [kd@efs.dk](mailto:kd@efs.dk)**ÞÝSKALAND**

Bundesministerium für Wirtschaft und Technologie  
Referat V D 2

Villenomblerstraße 76

D-53123 Bonn

Herr Shirmer

Sími: (49 228) 615 43 98

Bréfasími: (49 228) 615 20 56

X400:C=DE;A=BUND400;P=BMW;O=BONN1;S=SHIRM

ER

Tölvupóstfang: [Shirmer@BMW.Bund400.de](mailto:Shirmer@BMW.Bund400.de)**GRIKKLAND**

Ministry of Development  
General Secretariat of Industry

Michalacopoulou 80

GR-115 28 Athens

Sími: (30 1) 778 17 31

Bréfasími: (30 1) 779 88 90

ELOT

Acharon 313

GR-11145 Athens

Mr. E. Melagrakis

Sími: (30 1) 212 03 00

Bréfasími: (30 1) 228 62 19

Tölvupóstfang: [83189@elot.gr](mailto:83189@elot.gr)**SPÁNN**

Ministerio de Asuntos Exteriores

Secretaría de Estado de política exterior y para la Unión Europea

Dirección General de Coordinación del Mercado Interior y otras Políticas Comunitarias

Subdirección general de asuntos industriales, energeticos, transportes, comunicaciones y medio ambiente

c/Padilla 46, Planta 2 a , Despacho 6276

E-28006 Madrid

Mrs. Nieves García Pérez

Sími: (34-91) 379 83 32

Mrs. María Ángeles Martínez Álvarez

Sími: (34-91) 379 84 64

Bréfasími: (34-91) 575 56 29/575 86 01/431 55 51

X400:C=ES;A=400NET;P=MAE;O=SEPEUE;S=D83-189

**FRAKKLAND**

Délégation interministérielle aux normes

SQUALPI

64-70, allée de Bercy-télédoc 811

F-75574 Paris Cedex 12

M<sup>e</sup> S. Piau

Sími: (33 1) 53 44 97 04

Bréfasími: (33 1) 53 44 98 88

Tölvupóstfang: [suzanne.piau@industrie.gouv.fr](mailto:suzanne.piau@industrie.gouv.fr)

X400:C=FR;A=ATLAS;O=TEDECO;S=IDMI-SQUAL

**ÍRLAND**

NSAI

Glasnevin

Dublin 9

Ireland

Mr. Owen Byrne

Sími: (353 1) 807 38 66

Bréfasími: (353 1) 807 38 38

X400:C=IE;A=EIRMAIL400;P=NRN;O=NSAI;S=BYRNEO

Tölvupóstfang: [byrneo@nsai.ie](mailto:byrneo@nsai.ie)

**ÍTALÍA**

Ministero dell'Industria, del commercio e dell'artigianato  
via Molise 2  
I-00100 Roma

Mr. P. Cavanna  
Sími: (39 06) 47 88 78 60  
X400:C=IT;A=MASTER400;P=GDS;OU1=M.I.C.A-ISPIND;  
DDA:CLASSE=IPM;DDA:ID-  
NODO=BF9RM001;S=PAOLO CAVANNA

Mr. E. Castiglioni  
Sími: (39 06) 47 05 30 69/47 05 26 69  
Bréfasími: (39 06) 47 88 77 48  
Tölvupóstfang: [Castiglioni@minindustria.it](mailto:Castiglioni@minindustria.it)

**LÚXEMBOURG**

SEE — Service de l'Énergie de l'État  
34, avenue de la Porte-Neuve BP 10  
L-2010 Luxembourg

M. J.P. Hoffmann  
Sími: (352) 46 97 46 1  
Bréfasími: (352) 22 25 24  
Tölvupóstfang: [jean-paul.hoffmann@eg.etat.lu](mailto:jean-paul.hoffmann@eg.etat.lu)

**HOLLAND**

Ministerie van Financiën — Belastingdienst — Douane  
Centrale Dienst voor In- en uitvoer (CDIU)  
Engelse Kamp 2  
Postbus 30003  
9700 RD Groningen  
Nederland

Mh. IJ. G. van der Heide  
Sími: (31 50) 523 91 78  
Bréfasími: (31 50) 523 92 19

Mv. H. Boekema  
Sími: (31 50) 523 92 75  
Tölvupóstfang: X400:C=NL;A=400NET;P=CDIU;OU1=CDIU;S=NOTIF

**AUSTURRÍKI**

Bundesministerium für wirtschaftliche Angelegenheiten  
Abt. II/1  
Stubenring 1  
A-1011 Wien

Frau Haslinger-Fenzl  
Sími: (43 1) 711 00 55 22/711 00 54 53  
Bréfasími: (43 1) 715 96 51  
X400:S=HASLINGER;G=MARIA;O=BMW;P=BMW;A=GV;C=AT  
Tölvupóstfang: [maria.haslinger@bmw.gv.at](mailto:maria.haslinger@bmw.gv.at)  
X400:C=AT;A=GV;P=BMW;O=BMW;OU=TB;S=POST

**PORTÚGAL**

Instituto português da Qualidade  
Rua C à Avenida dos Três vales  
P-2825 Monte da Caparica

Mrs. Cândida Pires  
Sími: (351 1) 294 81 00  
Bréfasími: (351 1) 294 81 32  
X400:C=PT;A=MAILPAC;P=GTW-MS;O=IPQ;OU1=IPQM;  
S=DIR83189

**FINNLAND**

Kauppa- ja teollisuusministeriö  
Ministry of Trade and Industry  
Aleksanterinkatu 4  
PL 230 (P.O. Box 230)  
FIN-00171 Helsinki

Mr. Petri Kuurma  
Sími: (358 9) 160 36 27  
Bréfasími: (358 9) 160 40 22  
Tölvupóstfang: [petri.kuurma@ktm.vn.fi](mailto:petri.kuurma@ktm.vn.fi)  
Vefsetur: <http://www.vn.fi/ktm/index.html>  
X400:C=FI;A=MAILNET;P=VN;O=KTM;S=TEKNISET;G=MAARAYKSET

**SVÍÐJÓÐ**

Kommerskollegium  
(National Board of Trade)  
Box 6803  
S-11386 Stockholm

Mrs. Kerstin Carlsson  
Sími: (46) 86 90 48 00  
Bréfasími: (46) 86 90 48 40  
Tölvupóstfang: [kerstin.carlsson@kommers.se](mailto:kerstin.carlsson@kommers.se)  
X400:C=SE;A=400NET;O=KOMKOLL;S=NAT NOT POINT  
Vefsetur: <http://www.kommers.se>

**BRESKA KONUNGRÍKIÐ**

Department of Trade and Industry  
Standards and Technical Regulations Directorate 2  
Bay 327  
151 Buckingham Palace Road  
London SW 1 W 9SS  
United Kingdom

Mrs. Brenda O'Grady  
Sími: (44) 17 12 15 14 88  
Bréfasími: (44) 17 12 15 15 29  
X400:S=TI, G=83189, O=DTI, OU1=TIDV, P=HMG DTI, A=Gold 400,C=GB  
Tölvupóstfang: [uk98-34@gtnet.gov.uk](mailto:uk98-34@gtnet.gov.uk)  
Vefsetur: <http://www.dti.gov.uk/strd>

**EFTA – ESA**

Eftirlitsstofnun EFTA (DRAFTTECHREGESA)

Rue de Trèves 74

1040 Bruxelles

Sími: + 32 2 286 1811

Bréfasími: +32 2 286 1800

Tölvupóstfang: DRAFTTECHREGESA @surv.efta.be